

# AUGLÝSING

## um friðlýsingu hella á Þeistareykjum

1. gr.

### *Um friðlýsinguna.*

Umhverfis-, orku og loftslagsráðherra hefur, að tillögu Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, og með samþykki sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar, sem einnig er landeigandi, ákveðið að friðlýsa hraunhella í Þeistareykjahrauni sem náttúruvætti í samræmi við 48. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Innan hellasvæðisins eru þekktir hellar sem fundust árið 2016 og eru meðal heillegustu hraunhella sem þekkjast á jörðinni. Þeir hellar sem þekktir eru innan svæðisins einkennast af óvenju miklum og fjölbreyttum náttúrumyndunum á borð við dropsteina, hraunstrá og öðrum viðkvæmum hraunmyndunum. Dropsteinar eru friðlýstir skv. auglýsingu nr. 120/1974 í B-deild Stjórnartíðinda. Að auki er yfirborð hellisveggja, -lofta og -gólfa víða þakið örþunnu og stökku gleri sem varð til við storknun kvikunnar. Náttúrumyndanir þær sem um er getið eru afar viðkvæmar og skemmast auðveldlega við umferð manna og dýra. Sérstaða þekktra hella á hellasvæðinu í Þeistareykjahrauni felst fyrst og fremst í hinum mikla fjölda og þéttleika viðkvæmra náttúrumyndana en einnig því hve heillegir þeir eru en þeir hafa varðveist óraskaðir allt frá því að Þeistareykjahraun myndaðist í eldsumbrotum u.þ.b. 1500 árum fyrir landnám Íslands.

Auk hinna merku náttúrumyndana finnst víða á hellisveggjum lag örvera sem þrífast í röku, köldu og dimmu umhverfi hellanna og við hellismunna er víða að finna burkna og annan gróður sem hefur þrífist í skjóli í hrauninu.

Friðlýsingin tekur til yfirborðs hraunsins, en svæðið er nánar afmarkað í 3. gr. friðlýsingarinnar og allra hella innan svæðisins hvort sem um er að ræða þekktu hella eða hella sem finnast í framtíðinni innan svæðisins.

Friðlýsingin samræmist verndarmarkmiðum a. og b. liðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Við ákvörðun um friðlýsingu var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C17/1993), og samningi um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992, sbr. Stjórnartíðindi C11/1995).

2. gr.

### *Markmið friðlýsingarinnar.*

Markmið friðlýsingarinnar er að varðveita og vernda til framtíðar einstaka hella, náttúrumyndanir þeirra, hraun sem og gróðurfar og örveruflóru sem fyrirfinnst í og við hellana innan hins friðlýsta svæðis. Jafnframt er markmið friðlýsingarinnar að standa vörð um ásýnd og einkenni hellanna.

Með friðlýsingunni er einnig stuðlað að því að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi við nýtingu innan svæðisins ásamt því að varðveita rannsóknar- og fræðslugildi þess.

### 3. gr.

#### *Mörk náttúruvættisins.*

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á hnitsettu korti í viðauka við auglýsingu þessa, en nánari landupplýsingar, m.a. hnit, má nálgast hjá Umhverfisstofnun.

Verndarsvæðið nær yfir hluta af hraunbreiðu Þeistareykjahrauns en innan svæðisins eru þekktir og óþekktir hraunhellar sem falla undir vernd skv. friðlýsingu þessari.

### 4. gr.

#### *Umsjón með náttúruvættinu.*

Umhverfisstofnun hefur umsjón með verndarsvæðinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun getur falið einstaklingum, sveitarfélögum eða öðrum lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæðisins, sbr. 85. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umsjónasamningur skal unnin í samráði við sveitarfélag og rétthafa lands.

### 5. gr.

#### *Stjórnunar- og verndaráætlun.*

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir verndarsvæðið í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um verndaraðgerðir, rannsóknir og vöktun, fræðslu, landnýtingu, landvörslu, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, umferð gesta, framandi lífverur og aðgerðir í tengslum við þær, viðhald mannvirkja og notkun skotvopna.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal unnin í samvinnu við landeigendur og rétthafa lands, viðkomandi sveitarfélag, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila. Heimilt er að setja ítarlegri reglur í stjórnunar- og verndaráætlun.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra og skal endurskoða eftir því sem tilefni er til.

### 6. gr.

#### *Rannsóknir og vöktun.*

Rannsóknir innan hella eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun á verndarsvæðinu sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar.

Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og lögbundnar rannsóknir fagstofnana, utan hella, sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Skýrslur um niðurstöður rannsókna og vöktunar skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun.

Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

7. gr.

*Umferð um náttúruvættið.*

Almenn för fólks um yfirborð hraunsins er heimil í samræmi við ákvæði laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gestum svæðisins er skylt að hlíta þeim reglum sem gilda um svæðið og fyrirmælum landvarða hvað snertir umgengni og háttsemi innan náttúruvættisins. Sérstök aðgát skal höfð í kringum gjótur, niðurföll og í námunda hellismunna í hrauninu.

Óheimilt er að fara inn í hella á hinu friðlýsta svæði. Bannið gildir óháð því hvort lokunarbúnaði hafi verið komið fyrir eða ekki. Umhverfisstofnun er heimilt að loka aðgengi að stærra svæði í heild eða að hluta þegar þess er þörf sbr. 25. gr. og 25. gr. a í lögum nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun getur veitt leyfi til inngöngu í hella innan svæðisins í rannsókn- og/eða fræðsluskyni.

Frekari reglur um aðgengi og umferð um svæðið skulu settar fram í stjórnunar- og verndaráætlun, þ.m.t. upplýsingar um hvort og hvenær aðgengi er veitt að ákveðnum hellum.

8. gr.

*Umgengni um svæðið.*

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan verndarsvæðisins og skal allur úrgangur tekinn með út af svæðinu.

9. gr.

*Fræðsla.*

Umhverfisstofnun, í samráði við landeigendur og viðkomandi sveitarfélag, hefur umsjón með gerð fræðsluefnis um svæðið. Í fræðsluefni skulu meðal annars koma fram upplýsingar um verndargildi og sérstöðu svæðisins og þær umgengnisreglur sem þar gilda.

Nánar skal fjallað um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun.

10. gr.

*Verndun náttúrumyndana, lífríkis og gróðurs.*

Til að tryggja vernd hella á svæðinu er óheimilt að hrófla við, raska eða skemma náttúrumyndanir á friðlýsta svæðinu. Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi getur Umhverfisstofnun veitt leyfi fyrir framkvæmdum og/eða starfsemi skv. 12. gr. og 13. gr.

Óheimilt er að spilla örverulífi og gróðri.

Óheimilt er að planta eða dreifa hvers konar plöntum á friðlýsta svæðinu.

Ekki skal vinna á móti náttúrulegri framvindu gróðurs á svæðinu nema í því skyni að standa vörð um verndargildi svæðisins í samræmi við ákvæði friðlýsingarinnar og stjórnunar- og verndaráætlunar.

Nánar skal fjallað um verndun gróðurs, náttúrumyndana í heild og hellanna í stjórnunar- og verndaráætlun.

11. gr.

*Verndun menningarminja.*

Um menningarminjar og vernd þeirra fer skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

12. gr.

*Landnotkun og mannvirkjagerð.*

Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan verndarsvæðisins, eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, leyfi viðkomandi sveitarfélags, sbr. skipulagslög, nr. 123/2010 og lög um mannvirki, nr. 160/2010 og landeigenda.

Uppbygging innviða og nýting á svæðinu skal fara eftir stjórnunar- og verndaráætlun.

13. gr.

*Tímabundin starfsemi innan svæðisins.*

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan náttúruvættisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds.

14. gr.

*Veiði og notkun skotvopna.*

Veiðar eru heimilar á svæðinu, að hellum undanskildum, í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

15. gr.

*Viðurlög.*

Um brot gegn friðlýsingunni fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

16. gr.

*Gildistaka.*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þar til stjórnunar- og verndaráætlun og/eða skipulag fyrir svæðið hefur verið staðfest hefur Umhverfisstofnun heimild til að veita leyfi til framkvæmda gangi þær ekki gegn auglýsingu þessari og hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

Staður, dagsetning

Umhverfis-, orku og lofslagsráðherra